

Nd.

382. Frumvarp til laga

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Í öllum þeim kaupstöðum, þar sem nú eru áfengisútsölur, skal, þegar meiri hluti bæjarstjórnar eða $\frac{1}{4}$ hluti kjósenda í hlutaðeigandi kaupstað krefst þess, fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kaupstaðnum um það, hvort útsölnni skuli haldið áfram. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður þá úrslitum.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn nýja útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum eða kaupúnum. Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf $\frac{3}{5}$ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Hafi verið samþykkt með atkvæðagreiðslu að stofna nýja útsölu áfengis, eða halda eldri útsölu áfram, skal fara fram atkvæðagreiðsla um hana á ný að fjórum árum liðnum. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu --- eða samþykkt að hætta skuli við eldri útsölu --- samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að fjórum árum liðnum. Þarf þá enn $\frac{3}{5}$ atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

2. gr.

- a. Aftan við fyrri málsgr. 17. greinar laganna bætist: svo og í áætlunarhifreiðum, þar sem einstök sæti eru seld.
- b. Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ í niðurlagi síðari málsgr. sömu gr. laganna falla burt.

3. gr.

Aftan við 25. grein laganna bætist:

Lögreglustjóra er skylt að verða við tilmælum áfengisvarnarnefndar um nægjanlegt lögregluftirlit á opinberum samkomum. Heimilt er dómsmálaráðherra eða lögreglustjóra að veita áfengisvarnarnefndum lögregluvald í málum út af brotum á áfengislögunum á opinberum samkomum.

Greinargerð.

Afnám bannlaganna hefir tvímælaust leitt hina mestu ógæfu yfir þjóðina.

Hið takmarkalausá vinflóð, sem þá var veitt yfir landið, hefir komið fjölda manna á kaldan klaka og vonarvöl, og því lengur sem slíkt ástand helzt, því meira afhroð geldur allur manndómur og menning þjóðarinnar. Upplýsingar þær um ástandið í áfengismálum á síðastl. ári, sem hér fara á eftir, hefir áfengismálaráðunautur Friðrik Á. Brekkan látið mér í té:

„Árið 1936 hefir Áfengisverzlun ríkisins og útsölur hennar selt áfengi fyrir 3235703.00 krónur — og skiptist það þannig niður á hina einstöku útsölustaði:

Reykjavík 2343090.00 (þar af á hótél Borg 112703.00 kr.).

Akureyri 229154.00.

Siglufirði 227629.00.

Vestmannaeyjum 152952.00.

Hafnarfirði 144478.00.

Ísafirði 86304.00.

Seyðisfirði 52230.00.

Við að bera þessar tölur saman við tölurnar frá árinu 1935 kemur það í ljós, að um nokkra lækkun er að ræða — eða 150858.00 krónur fyrir allt landið. Þetta er að vísu ekki mikið, en þó nokkuð. Mestur munur er á sölnunni í Hafnarfirði, eða 11000.00 kr. lægra en árið 1935. Þá hefir lækkun átt sér stað í Vestmannaeyjum, um 24000, í Reykjavík rúmlega 50000 (þar af rúml. 20000 á hótél Borg) og lítilsháttar á Akureyri. Aftur á móti hefir mjög mikil hækkun átt sér stað á Ísafirði, rúml. 25000, á Seyðisfirði, rúml. 12500, og ofurlitil hækkun á Siglufirði.

Af þessari lækkun, sem orðið hefir á árinu, er þó — því miður — tæplega hægt að draga þá ályktun, að bindindissemi landsmanna hafi raunverulega aukizt sem því nemur. Fyrir það fyrsta hefir salan aukizt tiltölulega mjög mikið á tveim stöðum, og virðist það benda á ört vaxandi áfengisnautn á þessum stöðum og þar í grennd.

Vissulega ber ekki að neita því, að tala félagsbundinna bindindismanna hefir hækkað talsvert á árinu, einkum í G.-F.-reglunni í kaupstöðum og kaupstúnum, og má gera ráð fyrir, að það hafi nokkur ábrif einnig út frá sér á aðra, en það sýnir sig þó tæplega fyrir en eftir nokkuð lengri tíma, ef sá vaknandi bindindisábugi, sem nú virðist vera að glæðast, getur haldizt við og aukizt. — Þá virðist mega ráða af þeim upplýsingum, sem fengizt hafa úr sveitum víðsvegar á landinu, að þar hafi — að minnsta kosti allvíða — borið lítið á áfengisnautn á árinu, og heldur minna en árinu á undan.

Það er aftur á móti eftirtektarvert, að á fyrstu mánuðum ársins 1936 virtist lækkunin benda í þá átt, að hún yrði mun meiri í heild sinni en heildarniðurstöðurnar sýna um áramót — m. ö. o., áfengisnautnin hefir vaxið aftur síðar á árinu — og þá sérstaklega yfir sumarmánuðina (þetta er t. d. mjög áberandi á Siglufirði). Það mun því mega setja þessa lækkun, sem orðið hefir, að einhverju leyti í samband við hina mjög rýru vertið í fyrra og þar af leiðandi peningaleysi manna í millum.

Nokkru meiri hugmynd um hina raunverulegu áfengisnautn gefur það, ef lítið er á, hversu mikið áfengismagnið er, sem selt er.

Samkvæmt skýrslu, sem Áfengisverzlun ríkisins hefir látið mér í té fyrir árið 1935 (hlutföllin verða mjög svipuð 1936), seldi verzlunin á því ári fyrir 3386695.00

kr. En það var að áfengismagni svarandi til 104133 litrum af hreinum spíritus (100%). Í hlutfalli við íbúatölu landsins verður það að teljast mjög iskyggileg áfengisneyzla fyrir þá, sem hafa áfengi um hönd (því má nefnilega ekki gleyma í þessu sambandi, að draga verður frá mjög mikinn hluta af íbúatölunni, sem alls ekki kemur til greina hvað snertir áfengisnautn).

Af eftirfarandi tölum sést það bezt, hversu iskyggilegt ástandið raunverulega er: Langmest er selt af sterkum drykkjum — þ. e. þeim, sem hafa styrkleika 30% alkohol og þar yfir, eða samtals 233572 lítr. — Reiknað með 100% styrkleika er það ekki minna en 96759 lítr.

Af vínunum („Spánarvínunum“) með styrkleika 20% og þar undir, er selt 45118 lítr., en það nemur ekki meiru en 7374 lítr. reiknað með 100% styrkleika — eða aðeins örlítið brot af hinni eiginlegu áfengisneyzlu. Af þessu sést, að neyzla léttra vína lýtur algerlega í lægra haldi borið saman við sterku drykkina.

Langmest er keypt af brennivíni — þeirri tegund, sem alþýða manna hefir gefið nafnið „svartidauði“ — styrkleiki 40% — seldir 138883 lítr. Þá kemur whisky — styrkleiki 43% — seldir 47591 lítr., ákavíti — styrkleiki 42% — 20064 lítr. Önnur teg. ákav. — styrkleiki 46% — 5739 lítr. — og romm — styrkleiki 57% — 3444 lítr.

Að lítratölu er þannig selt af þessum 5 sterkustu tegundum einum langsamlega mestur hluti alls áfengis — vínin meðtalin.

Þegar lítið er á vínin sérstaklega, verða hlutföllin nokkuð svipuð. Það eru sterkustu tegundirnar, sem mest eru keyptar. Af veikustu tegundinni, sem nafngreind er í skýrslunni (Rínarvín — styrkleiki 8%) er ekki selt nema 540 lítr.

Þessar tölur tala mjög skýrum aðvörunarorðum til þjóðarinnar. Þær sýna, að það eru ekki „borðvínin“ svonefndu, sem sótt er eftir, heldur sterkasta áfengið, og benda því ótvírætt í þá átt, að áfengisnautn manna hér á landi sé að verulegu leyti sprottin af hreinni drykkjuhneigð. Enda kemur það heim við ýmislegt fleira, sem athugað hefir verið í sambandi við áfengisnautn hér þessi síðustu ár, eins og t. d. það álit, sem dr. Helgi Tómasson lét uppi í opinberum fyrirlestri s.l. haust, um öra fjölgun króniskra alkoholista hér í bænum síðan farið var að selja sterka drykki hér í ársbyrjun 1935. Við það má bæta ýmsum einkennum, sem athugulir menn geta séð daglega hér í samkvæmislífínu og á götum úti.

Það getur ekki orkað tvímælis, að það, sem hér kemur í ljós, sé mjög mikið ihugunarefni fyrir ráðandi menn í þjóðfélaginu, og reyndar fyrir alla, sem hugsa vilja um þjóðaruppeldi og þjóðarvelgengi almennt.“

Um breytingarnar, sem í frv. þessu felast, þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

1. Eins og 9. gr. laganna er nú, gefst öllum sýslufélögum og bæjarfélögum landsins kostur á, að íbúarnir láti vilja sinn í ljós með atkvæðagreiðslu, áður en ríkisstjórn er leyfilegt að setja á stofn áfengisútsölur. Þetta er eðlilegt og sjálf-sagt, í samræmi við venjulegar lýðræðishugmyndir. Þess vegna er það líka hrapallegt ósamræmi, sem í því felst, að 7 kaupstöðum landsins er gert lægra undir höfði í þessu en öllum öðrum. Þeir eiga samkvæmt ákvæðum greinarinnar að una því, að þar séu áfengisútsölur, og geta aldrei látið vilja sinn í ljós um þær. Þetta eru kaupstaðirnir, sem vitanlega hafa goldið mest afhroð vegna áfengissölnunnar ávallt síðan vínbanninu var aflétt með „Spánarsamningnum“ svonefnda.

Eins og kunnugt er, voru vínútsölur á þessum stöðum áður en núgildandi áfengislög urðu til, og jafnkunnugt er það, að þessar útsölur voru settar á stofn á þann hátt frá byrjun, að þeim var þröngvað upp á íbúana með valdboði, að þeim forspurðum og í óþökk þeirra flestra. Þetta var þá, og hefir jafnan síðan verið varið með því, að það hafi verið ráðstafanir, sem orðið hafi að gera vegna „Spánarsamningsins“.

Nú liggur það í augum uppi, að þessi rök eru með breytingu áfengislaganna fallin úr gildi, eins og reyndar grundvöllurinn undir öllum „Spánarsamningnum“, þar

sem hann vitanlega var byggður á forsendum, sem nú eru alls ekki lengur fyrir hendi. Enda mun flestum geta komið saman um, að síðan áfengislögunum var breytt hafi ekkert sérstakt tillit verið hægt að taka til þess samnings að því er snertir verzlun með áfengi hér á landi.

Þá má benda á það, að upprunalega voru það aðeins létt vín, sem selja mátti í útsölum áfengisverzlunarinnar, en hjá því varð ekki komið til þess að uppfylla ákvæði samningsins. En það getur eins og nú er komið með engu móti réttlætt það misrétti, sem lögin beita kaupstaðina, þar sem sterku drykkjunum (sem nú eru langmest seldir) var bætt við að þeim forspurdum.

Það er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að kaupstaðirnar, sem í upphafi urðu fyrir þeirri óhamingju, að það varð að þröngva upp á þá vinútsölum, séu nú látnir njóta fulls jafnréttis í atkvgr. um þær við aðra landsmenn, og það er ekki heldur nema eðlilegt, þó krafizt sé, að þeir fái jafnrétti. Enda er það vitað, að á bak við þá kröfu standa ekki einungis félagsbundnir bindindismenn kaupstaðanna og alls landsins, heldur líka fjöldinn allur af öðru fólki, sem hrýs hugur við þeim voða, sem þjóðinni stafar af vinnautninni. Hefir Alþingi nú horizt fjöldi áskorana úr kaupstöðum um það, að þessu oki verði af létt.

2. Það er einnig fullkomlega lýðræðiskrafa, þegar farið er fram á að breyta ákvæðum greinarinnar í því efni, að leyfð sé atkvæðagreiðsla á ný að fjórum árum liðnum um útsölu, sem samþykkt hefir verið að stofna. Það geta engin lýðræðisrök mælt með því, að íbúum bæjar- eða sýslufélags, sem einu sinni hefir leyft áfengisútsölu, gefist aldrei tækifæri til að losna við hana aftur.

3. Það hefir þótt rétt að miða tímabilið á milli atkvæðagreiðslna ávallt við fjögur ár — eins og venjuleg kjörtímabil.

Um 2. gr.

Viðbótin við 17. gr. laganna er í raun og veru alveg sjálfstæð og sprottin af þeirri hættu, sem stafað getur af, ef einstaklingum er leyft að neyta áfengis í þeim bifreiðum, sem hreytingin fjallar um. Hafi bifreiðarstjóri engin lagaákvæði að styðjast við, getur hann ekki fullkomlega verndað sjálfan sig og farartækið fyrir þeirri hættu, sem stafar af ölvuðum farþegum, né heldur aðra farþega fyrir þeim óþægindum, sem af þeim stafa. — Á það má benda, að víðast hvar í nágrennalöndum okkar eru ströng ákvæði til verndar farþegum og til öryggis farartækinu. Þá þykir og rétt að fella niður úr greininni ákvæðið um, að lögreglustjóri geti leyft áfengisveitingar í félagsherbergjum. Þvert á móti ber að sporna við því svalli og sukki, sem af slíkum veitingum leiðir, svo sem frekast eru föng á.

Um 3. gr.

Viðbótin við 25. gr. laganna er sprottin af hinnu brýnu þörf, sem er á lögreglu- eftirliti með opinberum samkomum, því svo má heita, að um það sé nú sanhljóða krafa um land allt. Hinsvegar mundi víðast vera úr þessu bætt, ef áfengisvarnarnefndirnar fengju vald það, sem hreytingin fer fram á — og mundi það víða vera heppilegasta lausn þess máls. Um leið mundu nefndirnar fá stórum bætta aðstöðu til þess að halda uppi almennri reglu og koma í veg fyrir lögbrot, sem þær nú eiga mjög erfitt með. Allan kostnað, sem af þessum auknu störfum nefndanna leiddi, yrði að greiða sem annan lögreglukostnað.